



Verklegt nám læknanema í nýburalækningum

Megintilgangur þessa hluta verklega námsins í barnalækningum er að þið lærið að skoða heilbrigt nýfætt barn og kynnist meðferð veikra nýbura.

Allir nýburar eru skoðaðir einu sinni á fyrsta sólarhring og síðan aftur við u.þ.b. fimm daga aldur, annað hvort við útskrift af sængurkvennagangi eða á göngudeild spítalans ef börnin hafa útskrifast snemma. Tilgangur fyrstu skoðunar er einkum að leita að meðfæddum göllum og meta almennt ástand barnsins, en tilgangur seinni skoðunar er að leita að vandamálum hjá barninu sem ekki voru til staðar við fyrstu skoðun.

Vökudeildin er nýburagjörgæsla þar sem eru bæði fyrirburar og fullburða nýburar. Þið munuð fylgjast með umönnun og meðferð veikra nýbura þar einn morgun.

Skipulaglag verklegu kennslunar í nýburalækningum er eftirfarandi:

Mánudagar, þriðjudagar, fimmtudagar og föstudagar:

Kl. 8:30 – 9:15	Nýburaskoðanir á 22-A
Kl. 9:15 – 11:15	Endurkomur (5 daga skoðun)
Kl. 11:15 – 12:00	Annað

Miðvikudagar:

Kl. 8:30 – 12:00	Vökudeildin
------------------	-------------

Ætlast er til að þið farið með viðkomandi nýburalækni á 22-A strax eftir morgunfund fyrsta daginn þar sem ykkur verður kennd nýburaskoðun. Eftir það fáið þið að skoða börnin ein áður en barnalæknir skoðar þau. Mikilvægt er að gæta fyllsta hreinlætis. Því eigið þið að vera í hvítum spítalafötum og fara úr sloppnum áður en þið skoðið börnin. Munið einnig eftir að þvo og/eða spritta á ykkur hendurnar áður en þið skoðið þau.

Vert er að brýna fyrir ykkur að koma fram við foreldra að fyllsta kurteisi og tillitssemi. Áður en þið skoðið börnin skuluð þið kynna ykkur fyrir þeim og spyrja hvort þeim sé ekki sama þó þið skoðið barnið á undan barnalæknum. Ef þið finnið eitthvað við skoðun sem til teljið óeðlilegt skuluð þið ekki segja foreldrunum frá því fyrr en barnalæknir hefur skoðað barnið.

Gangi ykkur vel.

Þórður Þórkelsson
Yfirlæknir Vökudeildar Barnaspítala Hringins